

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir árið 2023

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2023-2025: Staða árangursmælikvarða.

Kjarnastarfsemi:

Markmið 1 er að fjölga nemendum sem ljúka stúdentsprófi á 3,5 ári.

Árangursmælikvarðarnir eru þrír; hlutfall nemenda sem útskrifast úr FMOS eftir 3,5 ár, lengd námstíma á stúdentsbrautum og brotthvarf nemenda.

Staðan á árinu 2022 var þannig að 19,6% nemenda útskrifast eftir 3,5 ár en stefnt er að því að hlutfallið verði 22% árið 2023. Markmiðið náðist þar sem 26% nemenda höfðu útskrifast eftir 3,5 ár.

Meðalnámstími í skólanum var 3,5 ár árið 2022 og markmið ársins 2023 er að námstíminn verði 3,4 ár, niðurstaðan var að markmið náðist ekki þar sem námstími var 3,6 ár.

Varðandi þriðja árangursmælikvarðann, brotthvarf nemenda, var það 4,5% 2022 sem er töluvert lægra en áður og líklegt að gætt hafi áhrifa af Covid-19.

Brotthvarf nemenda árið 2023 er 4,35% sem er ánægjuleg þróun. Af því leiðir að gera má ráð fyrir að fleiri þættir í starfinu hafi áhrif á brotthvarfið en áður var talið.

Markmið 2 er að tryggja gæði náms og kennslu.

Hér er árangursmælikvarðinn annars vegar hlutfall nemenda sem telur álagið vera of lítið. Niðurstaða úr viðhorfskönnun 2022 sýnir að 13% nemenda segja álagið of lítið og markmiðið fyrir árið 2023 er að þetta hlutfall verði komið niður í 10%.

Niðurstaðan sýnir 11,6% þannig að markmiðið náðist ekki og er markmiðið til ársins 2025 að 8% nemenda telji álagið of lítið. Hins vegar er árangursmælikvarðinn hlutfall nemenda sem telur gæði kennslunnar vera góð eða mjög góð. Í viðhorfskönnun árið 2022 segja 79% nemenda telja gæði kennslunnar góð eða mjög góð og markmiðið fyrir árið 2023 er að þetta hlutfall verði 85%. Niðurstaða ársins er að 75% telja

kennsluna góða eða mjög góða samkvæmt kennslumati.

Rekstrarþættir:

Markmið 1 er augin starfsánægja.

Mælikvarðarnir sem settir eru fram eru staða skólans í könnuninni „Stofnun ársins“, starfsmannavelta og könnun á líðan starfsfólks. Markmiðið fyrir árið 2023 er að vera í 1.-10. sæti í könnuninni „Stofnun ársins“ og að vera 1,4 yfir landsmeðaltali í Starfsmannapúlsinum.

Markmið ársins 2023 náðist ekki hvað varðar „Stofnun ársins“ þar sem skólinn varð í 24 sæti af 51 stofnun í flokki minni stofnana með heildareinkunn 4,28.

Starfsmannavelta samkvæmt launabókhalda er 2,7% (viðmið 2%).

Í Starfsmannapúlsinum sem lagður er fyrir reglulega eru margir spurningaflokkar. Einn af þeim er „Skuldbinding til vinnustaðarins“ sem gefur vísbendingar um starfsánægju á vinnustaðnum. Þrjár spurningar mynda matsþátt sem eru: Ég segi vinum mínum að vinnustaðurinn minn sé góður; Mín gildi samræmast vel gildum vinnustaðarins; Þessi vinnustaður veitir mér hvatningu til að standa mig sem allra best í starfi. Þegar saman eru tekin svörun í þessum spurningaflokki þá mælist FMOS með einkunnina 4,3 og hefur lækkað úr 5,7 árið áður. Landsmeðaltalið er 5,0 í þessum flokki. Vert er að gefa þessari þróun gaum og leita leiða til að snúa henni við.

Áður hefur verið mælt landsmeðaltal í Starfsmannapúlsi og markmið að skólinn verði 1,4 yfir landsmeðaltalinu í heildarniðurstöðu en að þessu sinni var ákveðið að skoða einkunn í þessum eina flokki.

Markmið 2 er að draga úr umhverfisáhrifum

Árangurmælikvarðinn hér er staðan í verkefninu Græn skref. Árið 2022 var lokið við skref 4 og markmiðið er að ljúka skrefi 5 á árinu 2023.

Markmið ársins náðist og er fimmta græna skrefið veitt skólanum 28. júní 2023.

Nemendur

Fjöldi nemenda á árinu 2023 var 211 á vorönn og 259 á haustönn. Fjöldi nýnema sem sækja um FMOS beint eftir 10. bekk hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, voru 70 nemendur árið 2023.

Nám

Boðið er upp á nám á fjórum námsbrautum í skólanum, framhaldsskólabraut, sérnámsbraut og þremur stúdentsbrautum. Stúdentsbrautirnar eru félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opin stúdentsbraut. Á opinni stúdentsbraut er val um þrjú kjörsvið; almennt kjörsvið, hestakjörsvið, íþrótta- og lýðheilsukjörsvið. Framhaldsskólabrautin er ætluð nemendum sem koma beint úr grunnskóla og eru með slakan árangur í kjarnagreinum eða með stjörnumerktar einkunnir. Sérnámsbraut er ætluð nemendum með fötlunargreiningu og er skipulögð sem 7 - 8 anna nám.

Starfsfólk

Heildarstarfsmannafjöldi við lok árs 2023 var 36, fækkun var um 1 starfsmann frá 37 árið á undan og starfsmannavelta 2,7% samkvæmt launabókhaldi. Um er að ræða launalaust leyfi á árinu.

Þrjár stjórnendur eru í skólanum á árinu, skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri allir í 100% stöðu. Við skólann starfar einnig deildarstjóri sérnámsbrautar í hlutastarfi.

Tveir náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann í 125% stöðu. Kennarar við lok árs 2023 voru 23 og aðrir starfsmenn 7 í 5 stöðugildum. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf.

Hugmyndafræði

Við skólann er stundað leiðsagnarnám þar sem má segja að kennsluaðferðirnar og námsmatið fléttist saman. Notaðar eru fjölbreyttar verkefna miðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Kjarninn í hugmyndinni er að nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið og verkefnið við kennarana sína og fá síðan umsagnir sem leiða þá áfram, bæði skriflegar og munnlegar. Vinna nemenda er metin jafnt og þétt og ekkert prófatímabil er í lok annar.

Mosfellsbær, 4.09.2024

Valgarð Már Jakobsson, skólameistari

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, aðstoðarskólameistari